

## STAÐFESTING Á STAÐFESTINGARSKÍRTEINI

(„Yfirlýsingin“)

Félagsbústaðir hf.,  
Þönglabakka 4,  
109 Reykjavík  
berist framkvæmdastjóra

Reykjavík 7. september 2021

### Efni: Staðfesting á staðfestingarskírteini

Vísað er til veðhafasamkomulagsins dagsett 5. janúar 2018 („veðhafasamkomulagið“). Hugtök sem notuð eru í þessu skjali en eru ekki skilgreind sérstaklega skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í veðhafasamkomulaginu. Vakin er athygli á því að nafn ADVEL lögmanna slf. hefur verið breytt í A.L. Lögmenn slf.

Vísað er einnig til staðfestingarskírteinis sem gefið er út af lántaka, dagsett 6. september 2021 („staðfestingarskírteinið“), sem staðfestir stöðu og útreikning lánaþekju, virði og veðsetningu hinna veðsettu eigna, útistandandi veðsettar kröfur og yfirlýsingu lánveitandi um að engin vanefndatilvik séu viðvarandi. Í staðfestingarskírteini kemur fram að veði hafi verið aflétt af einni eign í byrjun september 2021.

Undirritaður hefur farið yfir staðfestingarskírteinið og þær upplýsingarnar sem veðgæsluaðila voru afhentar með staðfestingarskírteininu og, í þeim tilfellum sem veðgæsluaðili taldi þörf á, var óskað eftir frekari upplýsingum frá lántaka („sjálfstæða yfirferðin“). Miðað er við stöðu ákvílandi skulda þann 30.6.2021 að teknu tilliti til þess að veði hefur verið aflétt af einni eigi. Að lokinni sjálfstæðu yfirferðinni, þá eru niðurstöður veðgæsluaðila eftirfarandi:

Þann 30. júní 2021 var lánaþekja eftirfarandi: 28,33%.

Sjálfstæð yfirferð á verðmæti hinna veðsettu eigna samræmist verðmatinu sem lántaki setur fram í staðfestingarskírteininu og er ekki efnislega frábrugðið því. Sjálfstæði yfirferð hefur átt sér stað á stöðu áhvílandi lána og staðfestingu á því að veðsettar eignir séu tryggðar.

**Fyrir hönd A.L. lögmanna slf. sem veðgæsluaðila**



A.L. lögmenn slf.

**Sigurður V. Guðjónsson hdl.**

